

Tórínó-líkklaðið

Er líkklaði Krists til enn þann dag í dag?

Enginn af helgum dómum kristinnar hefur verið rannsakaður jafn gaumgæfilega af vísindamönnum og Tórínó-líkklaðið. Þessa línstranga, sem er 4,36 m langur og 1,10 m breiður, er fyrst getið í heimildum, að öruggt sé, upp úr miðri 14. öld. Eigandi hans þá var Geoffroi de Charnay aðalsmaður, kenndur við smábæinn Lirey í Norður-Frakklandi. Á þeim tíma var haft fyrir satt að þetta væri líkklaði meistarans frá Betlehem og Nasaret. Áttu menn að hafa vafið því utan um jarðneskar leifar Krists, þegar hann var tekinn niður af krossinum á Hausaskeljastað en á umræddu klæðisplaggi sjást óljósar útlínur blóðugs manns.



Er klæðið fölsun?

Hið meinta líkklaði varð fljótlega miðdepill athygli pílgríma og annarra sem komu viðs vegar að til að skoða það. Biskupinn í Troyes, Henri de Poitiers, bannaði þó fljótlega sýningu þess. Rúmlega 30 árum síðar var það tekið fram á ný, en í kjölfarið (1389) lýsti eftirmaður de Poitiers, Pierre D'Arcis, því yfir í bréfi til andpáfans í Avignon, að forveri sinn hafi talið þetta vera fölsun og á sökudólgurinn að hafa játað verknaðinn, enda líka hvergi minnst á slíkan grip í heilagri ritningu. Klemens VII tók samt þann kostinn að leyfa sýningu þess, en það fólk að muna að það einungis „stæði fyrir eða væri tákn“ hins eina sanna klæðis. Þeir sem á eftir honum komu töldu þetta hins vegar ósvikið.

Líkklaðið fer á milli helstu borga Evrópu

Árið 1418 flutti Humbert greifi af Villersexel, sem kvæntur var afabarni Geoffroi de Charnay, línstrangann í kastala sinn í Montfort í Frakklandi til að bjarga honum undan ræningjaflokkum. Síðar var klæðið flutt til Saint-Hippolyte-sur-Doubs. Eftir dauða Humberts ferðaðist ekkja hans með það til sýningar, meðal annars í Liege og Genf. En árið 1453 lét hún að endingu strangann fyrir kastala í Varambon í Frakklandi. Nýi eigandinn var Louis frá Savoy og var efnið nú varðveitt í Chambéry. Árið 1471 var það flutt á milli hinna ýmsu borga í Evrópu og af samtímalýsingum að dæma er greinilegt að þar var mikill dýrgripur talinn á ferð, enda þá geymt í silkivöfðu helgiskríni.

Árið 1532 skemmdist klæðið af eldi, meðal annars við að bráðið silfur lak á það, og sumir telja af vatni einnig. Nokkru síðar, eða árið 1578, er það komið í dómkirkjuna í Tórínó á Ítalíu og á þar dvalarstað og heimkynni upp frá því. Árið 1983 er það gefið páfastóli, en breytir þó ekki um íverustað. Þegar Secondo Pia tók ljósmynd af klæðinu árið 1898, en slíkt hafði aldrei verið gert áður, urðu menn forviða því negatífan sýndi ýmislegt mun betur en hin venjulega prentmynd, meðal annars sár á enni, líkt og eftir þyrnikórónu, sem og göt milli alnar og spíru, eins og för eftir nagla.

Hvað segir Jóhannesarguðspjall?

Andstæðingar þeirrar hugmyndar að Tórinó-klæðið megi rekja til Jesú Krists benda helst á frásögn Jóhannesarguðspjalls, 20. kafla. Þar segir að Jóhannes, lærisveinninn sem Jesús elskaði, og Pétur hafi komið að gröfinni, sá fyrr nefndi á undan, og hann „laut inn og sá línblæjurnar liggjandi, en fór samt ekki inn. Nú kom líka Símon Pétur á eftir honum og fór inn í gröfina. Hann sá línblæjurnar liggja þar og sveitadúkinn, sem verið hafði um höfuð hans. Hann lá ekki með línblæjunum, heldur sér samanvafinn á öðrum stað.“ Hér er með öðrum orðum um tvo hluti að ræða, en ekki einn.

Oviedo dúkurinn

Í Oviedo á Spáni er reyndar varðveittur andlitsdúkur, 84 x 53 cm að stærð, ævafornt og blóðugur, ekkert merkilegur þó á að líta í fljótu bragði, en hefur einhverra hluta vegna þótt sérstakur og þess virði að geyma í traustri hirslu, og frjókorn í honum benda til Palestínu. Nýleg rannsókn vísindamanna gefur til kynna að klútur þessi sé í órjúfanlegum tengslum við áður nefnt Tórinó-líkklaði, hafi verið í snertingu við sama einstakling.

Rannsóknir

Ef hratt er farið yfir sögu benti kolefnistrefjarannsókn, sem gerð var á Tórinó-klæðinu árið 1979 og síðan aftur 1988, þó til þess að um svik væri að ræða. Vísindamenn frá þremur háskólum komust að þeirri niðurstöðu að það væri frá árabílinu 1260-1390.

Eldsvoði ógnaði línúknunum á ný árið 1997, en þó tókst að bjarga málum fyrir horn. Árið 2002 lét páfastóll gera við plaggið og með því gafst tækifæri til að mynda það að innanverðu í fyrsta sinn og taka ný efnissýnishorn. Kom í ljós að klæðið er mun eldra en fyrri rannsóknir höfðu bent til, eða 1300-3000 ára gamalt. Mun sýni úr fyrri rannsóknum hafa verið tekið úr bót, sem ófin var inn í klæðið á miðöldum, eftir brunann sem áður er minnst á.

Annað sem alltaf var talið styðja að þetta væri líkklaði Krists var að í því er að finna ákveðin frjókorn sem ættuð eru frá Austurlöndum nær, líkt og í Oviedo-sveitadúknunum, en eru ekki til í Evrópu.

Sumir vilja meina að minnst sé á tilurð þessa klæðis löngu fyrir miðja 14. öld, því í helgisögu einni sem Evsebíus frá Sesareu (um 260–um 341) minnst á og trúir, er sagt, að Jesús hafi skilið eftir andlitsmynd sína á línúk sem hafi síðan komist í eigu Abgars konungs í Edessa (þar sem borgin Urfa í Tyrklandi stendur nú). Hvað sem öllum helgisögum líður þá er vitað að á 6. öld fannst klæði falið í borgarvegg Edessa með mynd sem þá var talin vera andlitsmynd Jesú. Á 10. öld barst þessi dúkur til Konstantínópel en ekki er vitað um afdrif hans eftir árið 1204 þegar krossfarar fóru með ránum um borgina. Hafa sumir haldið því fram að þetta sé Tórinó-líkklaðið en það er umdeilt.

Kristsstyttan í Hallgrímskirkju

Að lokum má geta þess, að Einar Jónsson myndhöggvari notaði andlitsfall Tórinó-líkklaðisins og naglaför þegar hann bjó til Kristsstyttuna árið 1946, sem hann gaf Hallgrímskirkju í Reykjavík og er þar enn.